

Vestmannaeyjabær
Dagný Hauksdóttir
Tangagötu 1
900 Vestmannaeyjar

Reykjavík, 9. maí 2023
UST202303-224/A.B.
10.04.00

Efni: Tillaga – Deiliskipulag fyrir Eldfell í Vestmannaeyjum

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Vestmannaeyjar er barst 20. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Eldfell í Vestmannaeyjum.

Í greinargerð kemur fram að markmið verkefnisins er að skilgreina göngustíga, bílastæði, áningarstaði og svæði fyrir minnisvarða. Auk þess kemur fram að markmiðið sé einnig að draga úr bílaumferð, loka vegslóðum og villustígum og vernda náttúrulegu yfirbragði svæðisins. Auk þess segir að lögð er áhersla á verndun yfirborðs lands og sérstæðra jarðmyndana við alla göngustígagerð þannig að hún valdi sem allra minnstu raski og verði utan svæða þar sem stórbrotnar hraunmyndanir liggja. Umhverfisstofnun bendir á að það væri gott að örnefni sem fjallað er um í greinargarð séu sett inn á uppdráttinn. Auk þess væri æskilegt að það væri skýringaruppráttur sem sýndi núverndi gönguleiðir og þær gönguleiðir sem á að fjarlægja.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnunin veitti umsögn varðandi vinnslutillögu verkefnisins dags. 17. febrúar sl.¹ Einnig var haldin samráðsfundur með stofnunni 27. apríl sl. þar sem stofnunin kom ábendingum á framfæri.

Hraun

Í vinnslutillögunni var gert ráð fyrir að göngustígur (sem er hluti af hringleið) liggji upp á öröskuðu hraunasvæði norðarlega á skipulagssvæðinu. Umhverfisstofnun telur það jákvætt að göngustígurinn var færður í tillögunni og látinn liggja í eldri stíg meðfram jaðri hraunsins.

Náttúruminjaskrá

Í greinargerð kemur fram að Eldfell er á náttúruminjaskrá og er svæðið verndað vegna stórfenglegs landslags og fræðandi um myndun og mótun lands. Með því að taka alla jarðmyndunina undir fyrir minnisvarða mun það hafa þónokkuð inngríp í landslag svæðisins og hafa áhrif á ásýnd þess að mati stofnunarinnar.

¹ <https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%c3%b6gn%20Eldfell.pdf>

Umhverfisstofnun vill leggja áherslu á að lögð sé áhersla á að leggja göngustíga og tröppur þar sem göngustígar eru nú þegar, á svæðum sem hafa minnst áhrif á landslag og ásýnd svæðisins og halda nýjum stígum/tröppum á öröskuðum svæðum í algjöru lágmarki.

Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að leggja áherslu á að afmá eldri slóða sem mótvægisáðgerð við raski á öröskuðu landi.

Umhverfisstofnun vill vekja einnig athygli á að í 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því að varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri